



Starfsreglur Starfsmenntasjóðs

1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Starfsmenntasjóður Sjúkraliðafélags Íslands. (SLFÍ.) Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr Aðild að sjóðnum.

Sjóðfélagar eru allir félagsmenn Sjúkraliðafélags Íslands, hafi atvinnurekendur þeirra gerst formlegir aðilar að sjóðnum og staðið skil á iðgjaldi.

3. gr. Um sjóðinn

Markmið Starfsmenntasjóðs Sjúkraliðafélags Íslands er að bæta möguleika félagsmanna til að auka menntun sína og tileinkað sér framfarir og tæknibreytingar á sínu sérsviði. Einnig styður sjóðurinn félagsmenn til að sækja námskeið til að bæta almenna þekkingu sína án beinnar tengingar við starf.

4. gr. Réttur félagsmanna

Þeir sem hafa verið félagsmenn í 6 mánuði eiga rétt á styrk. Rof á aðild getur aldrei verið lengri en 6 mánuðir.

Félagsmaður þarf að vera í starfi bæði þegar hann sækir um styrk og notar hann.

Félagsmaður í atvinnuleit getur nýtt sér áunninn rétt í sjóðnum eins og aðrir félagsmenn ef hann velur að greiða stéttarfélagsgjöld meðan á atvinnuleit stendur.

Réttindi falla niður 6 mánuðum eftir að síðasta greiðsla í sjóðinn berst.

5. gr. Stjórn

Stjórn sjóðsins er skipuð framkvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands ásamt formanni fræðslunefndar. Stjórn sjóðsins heldur að jafnaði fund einu sinni í mánuði, nema í júlí, þar sem fjallað er um þær umsóknir sem borist hafa hverju sinni. Stjórn sjóðsins setur sér úthlutunarreglur á hverjum tíma sem miðast við þarfir umsækjenda og ráðstöfunarfé sjóðsins. Stjórnin áskilur sér rétt til breytinga á reglum þessum án fyrirvara.

6. gr. Tekjur

a. Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.

b. Fjármagnstekjur.

7. gr. Greiðslur úr sjóðnum

Þeir sem óska eftir styrkjum úr sjóðnum skulu senda umsókn ásamt viðeigandi fylgiskjöl til stjórnar sjóðsins. Greiðsla úr sjóðnum getur ekki átt sér stað nema að úthlutunarreglum sjóðsins sé fullnægt.

8. gr. Umsýsla

Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands sér um umsýslu og daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem tryggilegastan hátt. Starfsmenntasjóður er með sjálfstætt

reikningshald og er undanskilinn öllum fjárskuldbindingum félagsins. Ársreikning skal leggja fram og afgreiða á fulltrúaþingi Sjúkraliðafélagsins.

9. gr. Ákvörðun um slit sjóðsins.

Ákvörðun um sameiningu við aðra sjóði og/eða slit sjóðsins og ráðstöfun eigna hans þarf samþykki meirihluta fulltrúaþings Sjúkraliðafélagsins. Verði um slit að ræða skal eignum sjóðsins ráðstafað til félagssjóðs Sjúkraliðafélags Íslands.

Gildisákvæði

Reglur þessar eru samþykktar af stjórn sjóðsins 8. janúar 2020 og taka gildi 1. febrúar 2020. Við gildistöku falla úr gildi eldri starfsreglur og aðrar ákvarðanir sem ekki eru í samræmi við reglur þessar.